

STARFSKJARASTEFNA SPSH

1. gr. Markmið

Starfskjarastefna Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. byggir á meginreglum um góða stjórnahætti fyrirtækja og er í samræmi við 79.gr.a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Markmið starfskjarastefnunnar er að sparisjóðurinn bjóði á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör sem eru sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi sparisjóðsins, mælt á hefðbundna mælikvarða um umsvif, ábyrgð og árangur. Á þeim forsendum verði félagið eftirsóknarverður starfsvettvangur framúrskarandi starfsmanna.

Stefnan nær til helstu atriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna, sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna sparisjóðsins.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar sparisjóðsins ár hvert. Þá skal varamönnum í stjórn greidd þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert.

Á aðalfundi sparisjóðsins skal stjórn leggja fram tillögu um þóknun fyrir stjórnarstörf, störf í undirnefndum stjórnar sem og þóknun til varamanna á komandi starfsári.

Stjórnarmenn skulu fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfa sinni fyrir félagið samkvæmt almennum reglum á vinnumarkaði.

Aðrar launagreiðslur sparisjóðsins til stjórnarmanna en greinir í ákvörðun aðalfundar eru óheimilar.

Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

3. gr. Starfskjör sparisjóðsstjóra og annarra starfsmanna

Starfskjör starfsmanna eru tilgreind í ráðningarsamningi og byggja á sérstökum vinnustaðasamningi. Í ráðningarsamningi skal kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Auk fastra launa er heimilt að veita starfsmönnum aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun með eftirfarandi hætti:

Bifreið og bifreiðahlunnindi:

Stjórnarformanni er heimilt, í umboði stjórnar, að semja við sparisjóðsstjóra um endurgjaldslaus afnot af bifreið í eigu félagsins. Einnig er sparisjóðsstjóra heimilt að semja við aðra starfsmenn á sambærilegan hátt, greiða aksturspeninga eða bifreiðastyrki. Skal slíkra hlunninda getið í ráðningarsamningi aðila og skattaleg meðferð lúta gildandi reglum þar um hverju sinni.

Lífeyrissjóður, orlof og uppsagnarfrestur:

Um lífeyrissjóð, orlof og uppsagnarfrest sparisjóðsstjóra og starfsmanna skal fara samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum.

Breytilegir kjarabættir:

Stjórn sparisjóðsins skal ekki gera eða heimila samninga um árangurstengdar greiðslur eða kaupauka, nema að ákvörðun aðalfundar liggja til grundvallar.

Tillögur um árangurstengdar greiðslur eða kaupauka skulu lagðar fyrir aðalfund til samþykktar. Þetta á ekki við ef kaupauki byggist á kjarasamningum eða hópsamningum innan kjarasamninga.

4. gr. Óheimilar greiðslur til starfsmanna

Ekki er heimilt að gera kaupréttar-, söluréttar- eða forkaupsréttarsamninga við starfsmenn félagsins.

Félagið gerir ekki starfslókasamninga við starfsmenn. Almenn gagnkvæm uppsagnarákvæði skulu gilda eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Þó er heimilt að semja um að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé allt að 12 mánuðir, einkum þar sem slíkur uppsagnarfrestur tíðkast.

5. gr. Ábyrgð

Sparisjóðsstjóri er ábyrgur fyrir því að laun starfsmanna séu innan ramma starfskjarastefnu félagsins hverju sinni.

6. gr. Upplýsingagjöf

Á aðalfundi skal upplýsa um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu og launa frá fyrra ári.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu sparisjóðsins.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Breytingar á starfskjarastefnu félagsins skulu teknar til afgreiðslu á aðalfundi til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir sparisjóðinn og stjórn hans. Stjórn sparisjóðsins skal færa til bókar í fundargerðarbók frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi sparisjóðsins.

Samþykkt á aðalfundi Sparisjóðs Höfðhverfinga ses. 2. maí 2019.